

Forsætisnefnd

Fjárframlög til stjórnmalaflokka 2018

Skrifstofa borgarstjórnar hefur undirbúið útgreiðslu fjárframlags Reykjavíkurborgar til þeirra stjórnmalasamtaka sem fulltrúa eiga í borgarstjórn til samræmis við ákvæði laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Fulltrúar í forsætisnefnd og/eða oddvitar stjórnmalasamtaka bera ábyrgð á því að rétt gögn berist skrifstofunni. Eins og áður þarf skrifstofu borgarstjórnar að berast bæði reikningur og erindi frá flokknum, sem er undirritað af oddvita borgarstjórnarflokks og starfsmanni stjórnmalasamtakanna. Til hægðarauka hefur verið útbúið eyðublað til útfyllingar og undirritunar sem unnt er að nýta sér.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna er fjárhæðinni, sem ákvörðuð var í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 skipt í samræmi við hlutfall atkvæðamagns þeirra stjórnmalasamtaka sem rétt eiga á framlagi. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum og er nú einungis um að ræða útgreiðslu fyrir það kjörtímabil sem nú stendur yfir.

Það verður að gera ráð fyrir ca. 10 - 15 daga afgreiðslutíma eftir að öll gögn berast skrifstofu borgarstjórnar og til að tryggja hraða og örugga afgreiðslu er vakin athygli á eftirfarandi:

1. Erindið þarf að vera undirritað af bæði oddvita og gjaldkera/starfsmanni.
2. Reikningur þarf að fylgja.
3. Bankareikningur þarf að vera á nafni stjórnmalasamtakanna.

Helga Björk Laxdal

skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Útreikningur á skiptingu í samræmi við hlutfall atkvæðamagns.

Beiðni um útgreiðslu - eyðublað